

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfisnefnd Alþingis
Sendandi: Umhverfissráðherra
Dagsetning: 27. nóvember 2002
Málsnúmer: UMH02090084
Bréfalykill: 0012

Efni: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Á fundi umhverfisnefndar Alþingis þann 21. nóvember 2002 var rætt um kostnaðaráhrif frumvarps til laga um meðhöndlun úrgangs m.a. að því er varðar auknar kröfur um vöktun urðunarstaða. Óskað var eftir upplýsingum um áhrif þeirra þátta á urðunarstaði sem eru í rekstri.

Um þann þátt frumvarpsins sem lítur að vöktun urðunarstaðar eftir að honum er lokað segir í umsögn fjármálaráðuneytisins:

"Misjafnt er hve umfangsmikið og dýrt eftirlit þarf með urðunarstöðum eftir að rekstri þeirra hefur verið hætt og þeim lokað. Ræðst það bæði af því hvers konar úrgangur hefur verið urðaður sem og vatnafari og jarðfræði staðarins. Áætlað er að árlegur eftirlitskostnaður við urðunarstað geti legið á bilinu 0,2 m.kr. til 1,5 m.kr. á ári."

Fyrr á þessu ári óskaði ráðuneytið eftir áætlun tveggja sorpsamlaga um aukningu kostnaðar vegna krafna tilskipunar um urðun úrgangs um vöktun á rekstartímabilinu og eftir að urðunarstað er lokað sbr. 16. og 17. gr. frumvarpsins. Bent skal á undanþáguheimild vegna tiltekinna þátta vöktunar í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Talið er að u.þ.b. 7 urðunarstaðir sem eru nú í rekstri geti sótt um slíkar undanþágur auk 6 staða þar sem einungis er urðaður óvirkur úrgangur. Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. skal endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar. Í athugasemdum við ákvæðið segir að við þá endurskoðun sé unnt að meta m.a. hvort unnt sé að draga úr vöktun. Einnig skal afmarka það svæði þar sem sýnataka fer fram áður en starfsleyfi er gefið út skv. 2. mgr. 17. gr. Eftirfarandi tölur eru miðaðar við viðauka tilskipunar um urðun úrgangs um vöktun á rekstrarskeiði urðunarstaðar og eftir að urðunarstað hefur verið lokað. Varðandi vöktunarkostnað eftir að urðunarstað er lokað er miðað við áætluð efri mörk þess kostnaðar þ.e. 1,5, m. kr. á ári.

Sorpeýðing höfuðborgarsvæðisins bs. (SORPA) telur að kostnaður SORPU bs. við vöktun á rekstrarskeiði urðunarstaðar muni aukast úr 500.000 kr. á ári í 3-4.000.000 kr. á ári. Kostnaður við vöktun urðunarstaðar eftir lokun er áætlaður um 1,500.000 kr. á ári. Miðað við 30 ára vöktunartíma er um að ræða ca. 45.000.000 kr. sem jafna þyrfti á rekstrartímabilið (miðað við 10 ára rekstrartímabil 4,5 m kr. á ári). Kostnaður af vöktun á rekstrarskeiði hjá SORPU bs. í dag er 0.07% af árlegum rekstrarkostnaði í dag en yrði 0.47%. Ef vöktunarkostnaði eftir lokun er einnig jafnað á 10 ára rekstrartímabil (4,5 m kr. á ári) myndi þessi kostnaður aukast í rúm 1% af rekstrarkostnaði. Hjá SORPU bs er tekið við u.þ.b. 110 þúsund tonnum af úrgangi á ári.

Ráðuneytið óskaði einnig upplýsinga frá Sorpstöð Suðurlands. Kostnaður vegna vöktunar í sorpstöð Suðurlands er u.þ.b. 1% af rekstarkostnaði í dag en er talinn fara í u.þ.b. 8% af rekstarkostnaði eftir að urðunartilskipunin hefur tekið gildi. Hjá sorpstöð Suðurlands er tekið við u.þ.b. 13.000 tonnum af úrgangi.